

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um hagræðingu í viðskiptabönkunum.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hverju hefur fækkun viðskiptabanka frá 1990 skilað í minni vaxtamun og þjónustugjöldum, sundurliðað eftir bönkum? Óskað er að fram komi einnig hvernig vaxtakjör til einstaklinga hafi þróast á tímabilinu eftir áhættumati sem bankarnir fylgja.
2. Hvernig hafa vaxtamunur og þjónustugjöld þróast sem hlutfall af efnahagsreikningi árlega frá 1995 í Íslandsbanka, Búnaðarbanka, Landsbanka og hjá sparisjóðunum?
3. Hvað hefur fólki í hefðbundnum bankastörfum fækkað mikið árlega frá 1990, sundurliðað eftir kynjum?
4. Hafa stærri einingar í bankakerfinu annars staðar á Norðurlöndunum skilað sér í hagstæðari lánskjörum til viðskiptabanka og hefur sameining banka þar leitt til lægri útlánavaxta og þjónustugjalda til neytenda?

Skriflegt svar óskast.